


LV-2017-114



Landsvirkjun



# Mannvirkjaskráning í Laxárstöðvum



## Lykilsíða



Skýrsla LV nr: LV-2017-114

Dags: Desember 2017

Fjöldi síðna: 66

Upplag: 4

Dreifing:

- Birt á vef LV  
 Opin  
 Takmörkuð til

Titill: Mannvirkjaskráning í Laxárstöðvum

Höfundar/fyrirtæki: Porkell Magnússon og Helgi B Thóroddsen, Kanon arkitektar ehf.

Verkefnisstjóri: Björk Guðmundsdóttir

Unnið fyrir: Landsvirkjun

Samvinnuaðilar:

**Útdráttur:** Tilgangur verkefnisins var að skrá og meta mannvirki á starfssvæði Laxár, til að uppfylla fjórða leiðarljósið í stefnu Landsvirkjunar um landmótun og útlit mannvirkja (VIN-215) "Að lagt verði mat á varðveislugildi sögulegra mannvirkja og umhverfis, þannig að verndun og viðhald verði tryggt samhliða eðlilegri framþróun." Skýrslan er sett fram sem húsakönnun í samræmi við ákvæði Skipulagslaga nr. 123/2010, gr. 37., 5. mgr. Þar segir m.a.: "Þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðu hverfi skal lagt mat á varðveislugildi sviptomts byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru, með gerð húsakönnunar." Tilgangur með húsakönnun er að tryggja að ákvarðanir um breytingar á einstökum húsum eða húsaþyrpingu séu teknar með þekkingu á gildi sem þau hafa fyrir umhverfi sitt og komandi kynslóðir. Farið var í vettvangsferð á Laxárvæðið, ljósmyndir teknar og mannvirki skráð á eyðublöð. Í skýrslunni er sett fram skráning með texta og ljósmyndum og svo niðurstöður úttektar og mat á byggingum í textaformi. Skráður er hönnuður húsa, byggingalist, byggingarefni húsa, byggingartímabil, menningarsögulegt gildi, umhverfisgildi, upprunaleiki, ástand varðveislugildi, mat á varðveislugildi og leiðbeiningar. Á grundvelli niðurstöðu skráningarinnar er mótuð stefna um vernd einstakra bygginga eða byggðaheilda. Vinna við gerð skráningar, niðurstöður og mat eru sett fram í fimm liðum og í samráði við Minjastofnun. Skýrslan hefur að geyma ljósmyndir, bygginganefndateikningar, loftmyndakort og samantekt á niðurstöðum varðveislumats.


**Lykilorð:** Vatnsaflsvirkjun, Laxárstöðvar, Mývatn, mannvirkjaskráning, húsakönnun, arkitekt, yfirbragð svæðis, varðveislugildi, varðveislumat, gerð húss, leiðbeiningar

ISBN nr:

Samþykki verkefnisstjóra  
Landsvirkjunar



# Mannvirkjaskráning í Laxárvirkjun










Landsvirkjun

KANON  
ARKITEKTAR

# Mannvirkjaskráning í Laxárvirkjun

desember 2017







## EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	5
LAXÁRVIRKJANIR	8
YFIRLITSKORT	10 - 13
MANNVIRKI	14 - 69
NIÐURSTAÐA VARÐVEISLUMATS	70 - 71
HEIMILDIR	72
LJÓSMYNDIR	72
VIÐAUKI - TEIKNINGAR	73

Laxárgljúfur

# LAXÁRVIRKJANIR

Nykurtjörn

Kringluvatn

22

Haldórsstaðir

Laxárgljúfur

Másvatn

Sandvatn

Reykjahló

Mývatn

# LAXÁ MÝVATNSÓSAR

Krákó


Grænavatn



# INNGANGUR

Mannvirkjaskráning Laxárvirkjana er verkefni sem unnið var fyrir Landsvirkjun af Kanon arkitektum á tímabilinu ágúst 2017 - desember 2017. Verkefnisstjóri fyrir hönd Landsvirkjunar var Björk Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri á umhverfiseild. Á verkefnisfundum voru frá Landsvirkjun auk Bjarkar, Guðmundur R. Stefánsson og Sigurður G. Sigurðsson. Fyrir hönd Kanon arkitekta unnu Helgi B. Thóroddsen, Þorkell Magnússon og Anna Sóley Þorsteinsdóttir að skýrslunni.

Skýrslan er sett fram sem húsakönnun en jafnframt koma fram leiðbeiningar um hvort og á hvaða hátt breyta megi einstökum mannvirkjum eða eftir atvikum fjarlægja. Leiðbeiningarnar eru unnar með hliðsjón af áherslum sem settar eru fram í stefnumótun Landsvirkjunar um landmótun og útlit mannvirkja, 2016 (VIN-215).



Afmörkun iðnaðarsvæðis í Laxárgljúfri. Innan iðnaðarsvæðisins er skilgreint íbúðarsvæði fyrir 10 starfsmannaíbúðir.  
(Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010-2022)

## HÚSAKÖNNUN

Í húsakönnun er um að ræða byggingarlistar- og menningarsögulega greiningu, úttekt, mat og skráningu. Til fyrirmyndar eru hafðar byggða- og húsakannanir skv. leiðbeiningum Húsafriðunarnefndar / Minjastofnunar Íslands, reynsla Kanon arkitekta við gerð byggða- og húsakannana og Mannvirkjaskráning í Bjarnarflagi og Kröflu sem unnin var 2016-2017. Samráð var haft við Minjastofnun Íslands og rætt við Guðnýju Gerði Gunnarsdóttur, verkefnisstjóra og Guðlaugu Vilbogadóttur, verkefnisstjóra.

Með þessari skráningu eru uppfyllt ákvæði skipulagslaga nr. 123-2010 um húsakönnun sbr. 37. gr. 5. mgr. þar sem segir m.a. "Þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðu hverfi skal lagt mat á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru, með gerð húsakönnunar."

Náanar er kveðið á um húsakönnun í skipulagsreglugerð nr. 90-2013 þar sem segir m.a. í gr. 5.3.2.1, a. lið, 2. mgr. "...Gera skal grein fyrir mannvirkjum sem fyrir eru á skipulagssvæðinu, notkun þeirra og nýtingu, tilgreina ef þau eiga að víkja, annars setja skilmála um viðhald eða breytingar á þeim ef við á. Í þegar byggðu hverfi skal lagt mat á varðveislugildi og svipmót byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru, með gerð húsakönnunar og setja markmið og skilmála um verndun og viðhald á grunni þeirrar könnunar."

Þá er kveðið á um skráningu mannvirkja í lögum um menningarminjar nr. 80-2012. Þar segir m.a. í 16. gr. "Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. Minjastofnun Íslands setur reglur um lágmarkskröfur sem gera skal til skráningar fyrir hvert skipulagsstig og er heimilt að gera samkomulag við skipulagsyfirvöld um framvindu skráningarstarfsins enda sé tryggt að því verði lokið innan hæfilegs tíma."

Tilgangur með húsakönnun er að tryggja að ákvarðanir um breytingar á einstökum húsum eða húsaþyrpingum séu teknar með þekkingu á því gildi sem þau hafa fyrir umhverfi sitt og komandi kynslóðir. Á grundvelli niðurstöðu skráningarinnar er mótuð stefna um vernd einstakra bygginga eða byggðarheildar.

Niðurstöður úttektar og mats á byggingum eru settar fram í texta, ljósmyndum og kortum. Skráð er byggingarefni húsa, byggingartímabil og mat á varðveislugildi.

Niðurstaða skráningar og mat er sett fram í fimm liðum í samræmi við skráningarform Minjastofnunar Íslands.

- Byggingarlist: Matið byggir á núverandi útliti. Litið er til hlutfalla, samsvörunar í útliti og samspils forma, efnismeðferðar og notagildis.
- Menningarsögulegt gildi: Litið er til staðbundinnar eða sérstakrar byggingarhefðar, tæknilegra atriða og efnisvals út frá byggingartíma. Hlutverk byggingarinnar og tengingar við sögu og þróun.
- Umhverfisgildi: Lagt er mat á mikilvægi byggingarinnar fyrir nærliggjandi umhverfi og samspil við nálæg mannvirki.
- Upprunaleiki: Litið er til þess hvernig upprunalegt svipmót byggingar hefur varðveist. Metið hvernig breytingar falla að upprunalegri gerð.
- Ástand: Almennt mat á ástandi og viðhaldi.

Niðurstaða varðveislumats er metið út frá ofangreindum þáttum þar sem sjónarmið byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis vege þyngst.

Matið er sett fram í þremur stigum:

- Byggingar með **hátt** varðveislugildi. Friðlýstar byggingar og önnur mannvirki með ótvírætt varðveislugildi, sbr. V. og VII. kafla laga um menningarminjar nr. 80/2012.
- Byggingar með **miðlungs** varðveislugildi. Friðaðar byggingar með lítið varðveislugildi og önnur hús með miðlungs varðveislugildi. Fyrir byggingar sem ekki falla undir verndun skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012 er matið leiðbeinandi um hverfisvernd sbr. 6. mgr. 12. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eða friðlýsingu skv. 18. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.
- Byggingar með **lág** varðveislugildi. Byggingar sem falla ekki undir lög um menningarminjar og hafa lítið eða ekkert varðveislugildi.

## TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Í gildi er aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010 - 2022. Ekki er til deiliskipulag af svæðinu.

Í aðalskipulaginu kemur fram í köflunum **leiðarljós** og **landnotkun** að forsendur búsetu séu náttúrufegurð, landslag, lífríki og jarðhiti og að landnotkun til hverskonar atvinnustarfsemi og mannvirkjagerðar skuli miðast við að bæta yfirbragð og ásýnd sveitarfélagsins. Um Laxárvirkjun er fjallað í greinargerð aðalskipulags.

*"Laxárvirkjun:*

*lð-01: Svæði Laxárvirkjunar er um 27,2 ha að stærð, að mestu staðsett innan við 200 m frá bökkum Laxár. Í aðalskipulagi þessu er skilgreint iðnaðarsvæði,*

um 25,4 ha, sem nær yfir öll tæknimannvirki og þjónustubyggingar Laxárvirkjunar. Iðnaðarsvæðið er sérhæft fyrir orkuvinnslu og þjónustu tengda henni, og óheimilt er að nýta það til annarrar iðnaðarstarfsemi sem annars er að jafnaði heimil á iðnaðarsvæðum. Þar sem íbúðir eru ekki heimilar á iðnaðarsvæðum er svæði undir starfsmannaíbúðir skilgreint sem sérstakt íbúðarsvæði og er það u.þ.b. 1,8 ha að stærð. Íbúðarsvæðið er eingöngu ætlað starfsmönnum virkjunarinnar og fjölskyldum þeirra.

Hjá Landsvirkjun hafa lengi verið hugmyndir um að hækka stífluna við Laxárvirkjun, aðallega til að bæta úr þeim vandamálum sem stafa frá klakamyndun og aur í hverflunum. Árið 2003 vann Landsvirkjun drög að tillögu að matsáætlun hækkunar Laxárstíflu.

Í aðalskipulagi Þingeyjarsveitar er þó ekki gert ráð fyrir hækkun á stíflu / stækkun uppistöðulóns, þar sem Laxá er friðuð samkvæmt sérstökum lögum (nr. 97 / 2004) og óheimilt er að breyta vatnsborði hennar nema til verndunar og ræktunar (sjá kafla 3.2.1).

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar vísar ekki á bug þörf á breytingum á stíflu og/eða aðrennsli að Laxárvirkjun og er hlynnt því að rannsakað verði hvort hægt sé að finna viðhlítandi lausn á rekstrarvanda Laxárvirkjunar án þess að ganga of nærri lífríki Laxár í Þingeyjarsýslu.

Náist samkomulag milli Landsvirkjunar og Landeigendafélags Laxár og Mývatns um að breyta rennsli Laxár / hækka stíflu þarf fyrst að breyta lögum og síðan að breyta aðalskipulagi þessu áður en áætlanir gætu farið í umhverfismat og komið til framkvæmda.”

(úr greinargerð aðalskipulags Þingeyjarsveitar 2010-2022, bls. 61).

Áherslur aðalskipulagsins eru í góðum samhljómi við stefnu Landsvirkjunar um landmótun og útlit mannvirkja.

**Stefna Landsvirkjunar er að skapa sem best heildarjafnvægi milli útlits mannvirkja, landmótunar og náttúrulegs umhverfis.**

Meðal leiða sem nefndar eru til að uppfylla stefnumörkun Landsvirkjunar eru:

- Mannvirki taki mið af náttúru og staðaranda.
- Fagleg þekking verði nýtt við hönnun og þar fléttað saman nauðsynlegum þáttum; list, tækni, notagildi, sköpun, hugvitsemi og menningararfi.
- Byggingar á hverju virkjanasvæði séu útfærðar með heildstætt yfirbragð.
- Lagt verði mat á varðveislugildi sögulegra mannvirkja þannig að verndun og viðhald verði tryggt samhliða eðlilegri framþróun.

Þá kemur einnig fram að Landsvirkjun hafi Menningarstefnu íslenskra stjórnvalda í byggingarlist til hliðsjónar og vilji sé til að taka mið af Landsslagssáttmála Evrópu við hönnun mannvirkja og framkvæmda á vegum fyrirtækisins, en Ísland gerðist aðili að honum árið 2012.

## ÚRVINNSLA OG SAMRÁÐ

Við undirbúning var upplýsinga aflað í fasteignaskrá á vef Þjóðskrár Íslands.

Farin var skoðunarferð að Laxárvirkjun 13. september 2017. Guðmundur R. Stefánsson, stöðvarstjóri á Blöndusvæði tók á móti Þorkeli Magnússyni og Helga B. Thóroddsen frá Kanon arkitektum. Hrannar Gylfason starfsmaður Laxárstöðva var leiðsögumaður í skoðunarferð.

Svanhildur Arnmundsdóttir á bókasafni Landsvirkjunar útvegaði teikningar úr eigu Landsvirkjunar. Guðmundur R. Stefánsson útvegaði teikningar sem geymdar eru í Laxárvirkjun og veitti upplýsingar um mannvirkin eftir þörfum. Haft var samband við Bjarna Reykjalín, skipulags- og byggingarfulltrúa í Skútustaðahreppi sem fann ekki teikningar af þeim byggingum sem voru til skoðunar. Reynt var að finna upplýsingar um hönnuð elstu íbúðarhúsanna við Hlíðarbraut (hús 1 og 3) sem tengdust Laxárvirkjun I. Leiða má að því líkum að Árni Pálsson verkfræðingur sem hannaði öll önnur mannvirki Laxárvirkjunar I hafi einnig hannað íbúðarhús vélarvarðar (hús 1) en það er talið upp með öðru í kostnaðarreikningum í greininni “Virkjun Laxár” (Tím. V.F.Í. 1940, 4.hefti). Þar sem ekki náðist að staðfesta þetta er það ekki í sjálfri skráningunni.

Haft var samband við Norðurorku og skipulagssvið Akureyrarbæjar en þar fundust ekki teikningar sem leitað var að.

Rætt var við Albínu Thordarson um upphaflegt útlit Laxárvirkjunar II.

Eftirtaldir aðilar fengu skýrsluna til yfirlstrar: Landsvirkjun, Bjarni Reykjalín skipulags- og bygg.fulltrúi, Minjastofnun, Sæþór Gunnsteinsson landeigandi í Presthvammi og Elín M. Gunnsteinsdóttir eigandi bústaðar.

Landvirkjun og Bjarni Reykjalín komu með ábendingar sem farið var í gegnum og lagfært eftir atvikum. Ekki komu athugasemdir frá landeigendum.

Landsvirkjun gaf út gagnagrunn um Laxárvirkjun árið 2010. Teikningar sem fundust við gerð þessarar mannvirkjaskráningar og ekki eru í gagnagrunninum, má finna í viðauka aftast í skýrslunni.

Við úrvinnslu er unnið skv. skráningarstaðli Minjastofnunar Íslands og stefnumótun Landsvirkjunar í landmótun og útliti mannvirkja.

# LAXÁRVIRKJANIR

## ALMENNT

Fram úr Laxárdal ganga Laxárgljúfur og þar eru Laxárstöðvarnar þrjár. Laxá er lindá og á upptök sín í Mývatni sem er 277 m hæð yfir sjó. Laxá rennur um Laxárdal og síðan Aðaldal og fellur til sjávar í Skjálfaflóa. Þær nýta um 70 m fall árinna á 1.800 m kafla og afl þeirra er alls 27,5 MW. Aðrennsli í Mývatn er að mestu neðanjarðar gegnum hraunlög. Því er rennslið úr vatninu jafnt sem er ákjósanlegt fyrir virkjun vatnsafls. Allar þessar virkjanir standa á litlu svæði neðarlega í Laxárdal, sú neðsta á mótum Laxárdals og Aðaldals.

Akureyrarbær stóð að því að reisa þrjár virkjanir í Laxárdal, S-Þingeyjarsýslu. Laxárvirkjun I var reist árið 1939 og þó hún hafi verið önnur stærsta virkjun landsins um nokkurra ára skeið, reyndist hún fljótlega of lítil.

Laxárvirkjun II var reist árið 1953 sem svæðisvirkjun fyrir Norð-Austurland. Hugmyndir um fyrirhugaða virkjun höfðu sprottið upp eftir stríðið, 1945. Ríkið vildi gerast meðeigandi vegna rafvæðingar í sveitum á Norðurlandi Eystra en bæjaryfirvöld Akureyrar féllust ekki á það og urðu því tafir á málinu. Ágreiningurinn leystist ekki fyrr en 1949, að hluta fyrir áhrif frá Marshall-aðstoð Bandaríkjanna. Ári síðar var gengið frá sameignarsamningi milli Akureyrarbæjar og ríkisins um Laxárvirkjun II.

Laxárvirkjun III var tekin í notkun 1973. Hún átti upphaflega að vera mun stærri en vegna Laxárdeilunnar, ágreinings sem stóð milli virkjunaraðila annars vegar og heimamanna og umhverfissinna hins vegar, var aðeins fyrsta áfanga hennar af fimm lokið. Eftir sættir í Laxárdeilunni skuldbatt stjórn Laxárvirkjunar sig til að ráðast ekki í frekari virkjunarframkvæmdir í Laxá, þ.á m. að reisa ekki stíflu. Einnig mundi hún gera laxastiga frá neðsta hluta gljúfursins og upp úr. Þar sem engin stífla var reist og ekkert miðlunarlón varð til, varð Laxárvirkjun III rennslisvirkjun eins og Laxá I.

Orkuveitusvæði virkjananna náði til að byrja með aðeins til Akureyrar og næsta nágrennis. En eftir heimsstyrjöldina voru lagðar línur til bæja og sveita allt frá Húsavík í austri til Dalvíkur í vestri.

Árið 1983 tók Landsvirkjun við rekstri virkjananna af Rafveitu Akureyrar.

Í Laxárvirkjun III hafa margir listamenn sýnt verk sín og sum voru sett upp til frambúðar. Listi yfir listaverk í Laxárvirkjun III er í viðauka skýrslunar. FÍM stóð fyrir sýningu í Laxárvirkjun og Ljósafossvirkjun sumarið 2000 í samvinnu við Landsvirkjun sem hét "List í orkustöðvum". Upplýsingar um þátttakendur sýningarinnar má finna í veglegri sýningarskrá sem FÍM gaf út af þessu tilefni.

## Laxárstöð I:

Laxárstöð I, hönnuð af Árna Pálssyni verkfræðingi, er elsta virkjun í Laxá og nýtti efri hluta fallsins við Brúar. Hún var 5 MW. Frá stíflu efst í gljúfrunum var vatnið leitt í stökk að stöðvarhúsinu um 670 m leið. Í stöðinni eru tvær vélasamstæður og var sú fyrri tekin í notkun árið 1939 en hin síðari árið 1944. Stöðin var tekin úr rekstri árið 2013 þegar þrýstipípan var rifin, ekki er fyrir séð hvort eða hvenær hún fer í rekstur á ný.

## Laxárstöð II:

Arkitekt virkjunarinnar er Sigvaldi Thordarson og verkfræðileg hönnun var unnin af Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf. Laxárstöð II nýtir neðri hluta fallsins við Brúar og er 9 MW. Áin er stífluð um 300 m neðan við stöðvarhús Laxár 1 og vatnið leitt þaðan um plaströr að jöfnunarturni og frá honum um stálpípu að stöðvarhúsi, samtals um 380 m leið. Í stöðinni er ein vélasamstæða sem tekin var í gagnið árið 1953. Ofan við stöðvarhúsið er þrýstijöfnunartankur sem jafnar þrýstingssveiflur við breytilegt álag á stöðinni og minnkar þannig álag á stökkinn. Rör úr botni hans liggur niður að hverfli stöðvarinnar.

## Laxárstöð III:

Laxárstöð III, arkitekt Þorvaldur Kristmundsson og verkfræðihönnun unnin af Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf., er yngsta aflstöðin í Laxá og er 13,5 MW. Hvelving, hellir sem er 50 m inn í berginu og er 350 m<sup>2</sup> að grunnfleti og 29 m há, sem hýsir vélasamstæðu stöðvarinnar var upphaflega hönnuð fyrir tvær 25 MW vatnsvélar. Var þá miðað við 56 m háa stíflu ofar í gljúfrinu og að heildarfallhæðin yrði 83 m. Þessari áætlun var harðlega mótmælt af Þingeyingum og lyktir urðu að Laxárstöð III var vígð árið 1973 með einum hverfli í stað tveggja og frekari áform á svæðinu lögð til hliðar.

## **YFIRBRAGÐ SVÆÐIS**

Heildaryfirbragð Laxárvirkjana er gott. Virkjanir og önnur mannvirki tengd þeim falla vel að fallegu landslagi Laxárdals og Mývatns. Mannvirkin eru yfirleitt í góðu samræmi innbyrðis þótt að þau séu frá mismunandi tímum. Jarðrask og umbreytingar á landi vegna virkjananna eru ekki áberandi í landslagi.

## **MANNVIRKI**

Flest mannvirki virkjananna eru steinsteypt með ljósu yfirbragði. Timburmannvirki eru síðri að gæðum enda byggð sem bráðabirgðarhúsnæði.

## **ALMENNAR LEIÐBEININGAR**

Með stefnumótun Landsvirkjunar að leiðarljósi og niðurstöðu varðveislumats húsakönnunar er mælt með að stöðvarhús Laxárvirkjana I, II og inngangar að stöðvarhúsi III muni öll standa áfram og upprunaleg útlitseinkenni þeirra varðveitt sem best. Leitast verði eftir að tíðaranda hvers og eins stöðvarhúss og húsum sem þeim tilheyrja, verði viðhaldið.


Lagt er til að forrými (gámur) sem er vörn gegn hruni við inntak aðrennslis við Laxárvirkjun III verði endurnýjað í samræmi við önnur mannvirki Laxárvirkjunar III og stefnumörkun Landsvirkjunar um útlit mannvirkja.

Einnig þarf að huga að nýrri landmótun þar sem áður stóðu bráðabirgðarmannvirki.



- 1
- 2
- 5
- 9
- 10
- 11
- 12
- 13
- 14
- 15
- 16
- 17
- 18
- 19
- 20
- 21
- 23
- 24





- 1 Stöðvarhús 1
- 2 Stöðvarhús 2
- 3 Stöðvarhús 3
- 4 Stífla
- 5 Rafstöð / Stífla
- 6 Inntak aðrennslis
- 7 Renna og framhjäreanna
- 8 Útívirki og kaplar
- 9 Þrýstivatnsturn
- 10 Iðnaðarhús og skrifst. Laxárst.
- 11 Matgarður (stendur til að rífa)
- 12 Útgarður
- 13 Hús 1
- 14 Hús 2
- 15 Hús 3
- 16 Hús 4
- 17 Hús 6
- 18 Laxárvirkjun hús 7
- 19 Hús 8
- 20 Bílskúrar
- 21 Gljúfrabú
- 22 Halldórsstaðir 4, sjá mynd 1
- 23 Vegir, brýr og plön
- 24 Laxastigar
- 25 Rafstöð / Stífla, sjá mynd 3
- 26 Rafstöð / Stífla, sjá mynd 3
- A Þrýstivatnspípa
- B Rafstöð / Stífla, sjá mynd 3





mynd 3

- 25 Geirastaðastífla
- 26 Haganestífla
- B Miðkvísl

Fyrsti eigandi: Akureyrarbær  
Hönnuður: Árni Pálsson

Upphafleg notkun: Iðnaður  
Núverandi notkun: Iðnaður

## Númer á yfirlitsmynd:

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Steinsteyp		Steinsteyp	1951 Stækkun, stjórnherbergi	Sigvaldi Thordarson, arkitekt
Útveggir: Múrsléttað				
Þakgerð: Mænisþak				
Þakklæðning: Asfaltúkur			2002 Stækkun fyrir tengivirki	Ólafur Þ. Hersisson, arkitekt
Undirstaða: Steinsteyp				
Útlit: Einlyft Tvílyft		Aflagt stöðvarhús með tæknirými í nýlegri viðbyggingu fyrir tæknibúnað		

## Umsögn

Upphaflega stöðvarhúsið frá 1939 var hannað af Árna Pálssyni, verkfræðingi. Byggingin er reisuleg og góður fulltrúi síns tíma sem vönduð steinsteypubygging í anda fúnksjónalismans. Síðari tíma viðbyggingar, annars vegar látlaus viðbygging fyrir stjórnúnað eftir Sigvalda Thordarson frá 1951 og umfangsmeiri bygging yfir tengivirki frá 2002 eru gerðar í anda upphaflegrar ásýndar.

## Leiðbeiningar

Lagt er til að horft verði til upphaflegrar gerðar í litavali og stöðvarhúsið verði hvítt að lit: NCS S1002-Y.

## Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Fyrsta stóra vatnsaflsvirkjunin á Norðurlandi. Fágað yfirbragð upphaflegrar gerðar og síðari tíma viðbygginga.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Fyrsta stóra vatnsaflsvirkjunin á Norðurlandi. Mikilvægur þáttur í rafvæðingu Akureyrar.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Sómir sér vel í dramatísku umhverfi Laxárgljúfurs.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Síðari viðbyggingar hafa tekið mið af upphaflegu formi og ásýnd.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Ástand og viðhald er gott.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Lagt er til að byggingin njóti hverfisverndar skv. 6. mgr. 12. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og að í skilmálum skipulagsáætlana verði skilgreint hvernig staðið skal að verndun byggingarinnar.
Verndarflokkar:		



Loftmynd af stöðvarhúsi 1.



Stöðvarhús við lok framkvæmda 1939.



Viðbygging eftir Sigvalda Thordarson frá 1951 í forgrunni.



Norðurhlíð stöðvarhúss.



Úr vélasal.



Rafbúnaður í nýrri viðbyggingu fyrir tengivirki.

Fyrsti eigandi: Laxárvirkjanir  
Hönnuður: Sigvaldi Thordarson

Upphafleg notkun: Iðnaður  
Núverandi notkun: Iðnaður

## Númer á yfirlitsmynd:

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Steinsteypt		Steinsteypt		
Útveggir: Múrkústað				
Þakgerð: Bogapak				
Þakklæðning: Asfaltúkur				
Undirstaða: Steinsteypt				
Útlit: Stöðvarhús vatnsaflsvirkjunar				

## Umsögn


Stöðvarhúsið er áberandi steinsteypt mannvirki með bogalaga þakformi og stórum gluggaflötum á mótum suðri og gluggaböndum á langhliðum til austurs og vesturs. Dramatísk staðsetningin á gljúfurbarminum myndgerir þá krafta sem eru beislaðir í virkjuninni. Form byggingarinnar, gluggasetning og innfellingar í steypu skapa létt og fágæð yfirbragð. Stöðvarhúsið er að mestu óbreytt frá upphaflegri gerð bæði að utan og innan. Litum hefur verið breytt utanhúss gegnum tíðina.

## Leiðbeiningar


Nýleg hurð á suðurgafli á gluggavegg stingur í stúf. Lagt er til að fyrirkomulag verði endurskoðað. (Kannað verður með litarsetningu hjá handhöfum höfundaréttar).

## Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Hátt	Metnaðarfullt mannvirki með sterk höfundareinkenni Sigvalda Thordarson. Er einkennismannvirki virkjunarsvæðisins.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Mikilvægur þáttur í rafvæðingu Norðurlands og byggðauppbýggingar.
Umhverfisgildi:	Hátt	Einstaklega vel útfærð formun sem upphefur landslagið og setur upp ákveðinn mælikvarða á landslagið.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Er að mestu óbreytt frá fyrstu gerð.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Ástand og viðhald er gott.
Varðveislugildi:	Hátt	Metnaðarfullt mannvirki með sterk höfundareinkenni Sigvalda Thordarson, sem var einn af fremstu arkitektum þess tíma á Íslandi. Er einkennismannvirki virkjunarsvæðisins.
Verndarflokkar:		Lagt er til að byggingin njóti hverfisverndar skv. 6. mgr. 12. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og að í skilmálum skipulagsáætlana verði skilgreint hvernig staðið skal að verndun byggingarinnar.



Loftmynd af stöðvarhúsi 2.




Stöðvarhús 2 séð frá suðri.




Stöðvarhús 2 úr norðri, þrýstijöfnunarturn í baksýn.



Úr vélasal.



Stöðvarhúsið í byggingu.



Vatnslituð útlitsmynd austurhlíðar eftir Sigvalda Thordarson.

Fyrsti eigandi: Laxárvirkjanir  
 Hönnuður: Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen

Upphafleg notkun: Iðnaður  
 Núverandi notkun: Iðnaður

## Númer á yfirlitsmynd:

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Klettaveggir og steinsteypa	Klettaveggir og steinsteypa		
Útveggir:	Steinsteypa			
Þakgerð:				
Þakklæðning:				
Undirstaða:	Berggrunnurinn			
Útlit:	Hvelfing í gljúfurvegg			

## Umsögn

Stöðvarhús 3 er í hvelfingu inn af Laxárgljúfri. Veggir í vélasalum eru bergið sjálft. Loftið er steinsteipt og bogadregið.

Arkitekt sýnilegra mannvirkja utan frá er Þorvaldur Kristmundsson. Inngangur hefur sterk höfundareinkenni og fellur vel að umhverfinu.

Laxárvirkjun 3 er fyrsta virkjunin á Íslandi þar sem stöðvarhúsið er allt neðanjarðar.

Í fasteignaskrá er stöðvarhúsið sagt byggt 1974. Byggingartíminn mun hafa verið 1971-1973 og var stöðin gangsett 1973. Stöðvarhúsið sjálft er hvelfing inni í gljúfurvegnum.

Sjá lista yfir listaverk í Laxárvirkjun III í viðauka.

## Leiðbeiningar

Komi til breytinga eða viðbygginga er lagt til að byggt sé á núverandi efnisvali, frágangsdeilum og litavali. (Breyta þarf fasteignaskrá hjá FMR).


## Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Lágt	Einföld hvelfing með látlausu yfirbragði og inngangsmannvirki.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlung	Hér er uppspretta einna alvarlegustu deilna um umhverfismál hér á landi í Laxárdeilunni. Ónotaðar hvelfingar hafa orðið vettvangur fyrir menningartengda starfsemi.
Umhverfisgildi:	Lágt	Meginhluti mannvirkisins er neðanjarðar og því ekki sýnilegur.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Er að mestu óbreytt frá fyrstu gerð.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Ástand og viðhald gott.
Varðveislugildi:	Lágt	Ekki er gerð tillaga um verndun.
Verndarflokkar:		





Loftmynd af stöðvarhúsi 3.



Úr vélasal í byggingu.



Inngangur í stöðvarhús 3.



Úr vélasal.



Úr vélasal, aðkomugöng í baksýn.



Ónotað rými fyrir vélasamstæðu.

Fyrsti eigandi: Akureyrarbær  
Hönnuður: Árni Pálsson

Upphafleg notkun: Iðnaður  
Núverandi notkun: Iðnaður

## Númer á yfirlitsmynd:

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Steinsteyp		Steinsteyp	2017 Stífla og inntaksmannvirki endurnýjuð	Verkís
Útveggir:				
Þakgerð:				
Þakklæðning:				
Undirstaða:				
Útlit:	Stífla og inntaksmannvirki	Stífla og inntaksmannvirki		

## Umsögn

Fyrsta stíflan var reist 1939 í tengslum við fyrsta áfanga virkjunaruppbyggingar. Stíflan var endurbyggð 2016-2017, og tekin í notkun í apríl 2017. Laxárvirkjun 1 var tekin úr rekstri 2013 og eftir það þjónar stíflan og inntaksmannvirki einungis Laxárvirkjun 3. Ný og endurnýjuð mannvirki taka mið af útliti og formi sýnilegra mannvirkja í Laxárvirkjun 3. Við endurnýjun stíflumannvirkja var varfærmislega farið um næsta nágrenni og sýnilegt rask eftir framkvæmdir lítið.

## Leiðbeiningar

Komi til breytinga eða viðbygginga er lagt til að byggt sé á útlitseinkennum, efnisvali, frágangsdeilum og litavali mannvirkis frá 1973.

## Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Lágt	Einfalt mannvirki með sérhæft hlutverk.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Endurnýjuð stífla og inntaksmannvirki frá 1939.
Umhverfisgildi:	Lágt	Er hluti af heild á virkjanasvæðinu.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Hefur verið endurnýjað að öllu leyti.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Ástand og viðhald gott.
Varðveislugildi:	Lágt	Ekki er gerð tillaga um verndun.
Verndarflokkar:		



Loftmynd af stíflu.



Stíflan í upphaflegri mynd.



Stíflan og þrýstivatnspípan í upphaflegri mynd.



Horft til norðurs niður eftir Laxárgljúfri yfir endurnýjaða stíflu.



Endurnýjuð stífla.



Nýtt lokahús á endurnýjaðri stíflu.

Fyrsti eigandi: Laxárvirkjanir  
Hönnuður: Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen

Upphafleg notkun: Iðnaður  
Núverandi notkun: Iðnaður

## Númer á yfirlitsmynd:

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Steinsteypt		Steinsteypt		
Útveggir:				
Þakgerð:				
Þakklæðning:				
Undirstaða:				
Útlit:	Stífla og inntaksmannvirki			

## Umsögn

Stífla og inntaksmannvirki fyrir Laxárvirkjun 2.  
Arkitekt stíflunar er Sigvaldi Thordarson.

Form og ásýnd stíflumannvirkjana er vitnisburður um gjöfult samstarf Sigurðar Thoroddsen, verkfræðings og Sigvalda Thordarson, arkitekts.

Formið á sér skýra samsvörun í stöðvarhúsi Laxárvirkjunar 2 með léttu og fágúðu yfirbragði.

## Leiðbeiningar

Litaval verði í samræmi við stöðvarhús Laxárvirkjunar 2.


(Kannað verður með litasetningu hjá handhöfum höfundaréttar).

## Varðveislumat:


Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Metnaðarfullt mannvirki með sterk höfundareinkenni Sigvalda Thordarson. Hluti af heild í Laxárvirkjun 2.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Mikilvægur þáttur í rafvæðingu Norðurlands og byggðaupbyggingar.
Umhverfisgildi:	Hátt	Einstaklega vel útfærð formun sem upphefur landslagið og setur upp ákveðinn mælikvarða á landslagið.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Er að mestu óbreytt frá upprunalegri gerð.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Ástand og viðhald gott.

## Varðveislugildi:

Verndarflokkar:	Miðlungs	Metnaðarfullt mannvirki með sterk höfundareinkenni Sigvalda Thordarson. Hluti af heild í Laxárvirkjun 2. Lagt er til að byggingin njóti hverfisverndar skv. 6. mgr. 12. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og að í skilmálum skipulagsáætlana verði skilgreint hvernig staðið skal að verndun byggingarinnar.
-----------------	----------	--




Loftmynd af stíflu Laxárvirkjunar 2.



Horft yfir stífluna niður eftir Laxárgljúfri, 1974.



Horft upp eftir Laxárgljúfri, 1994.



Stíflan að ofan.



Stíflan að neðan.



Horft yfir stífluna niður eftir Laxárgljúfri.

Fyrsti eigandi: Laxárvirkjanir  
Hönnuður: Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen

Upphafleg notkun: Iðnaður  
Núverandi notkun: Iðnaður

## Númer á yfirlitsmynd:

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:				
Útveggir:				
Þakgerð:				
Þakklæðning:				
Undirstaða:				
Útlit:	Inntaksmannvirki í gljúfurvegnum			

## Umsögn

Inntak aðrennslis fyrir Stöðvarhús 3.  
Byggingarár skv. FMR er 1974 en mun vera 1973.  
Inngangsmannvirkin voru endurbætt í tengslum við endurnýjun stíflunar 2016-2017. Inngangur að inntaksmannvirkjunum er með bráðabirgðasniði þar sem gámi er stillt upp í gangnamunnann til að verja umferð fyrir hrúni.

## Leiðbeiningar

Lagt er til að inngangur / forrými að inntaksmannvirkjum í gljúfurvegnum verði gerð með varanlegum hætti og að horft verði til útlitseinkenna og yfirbragðs sýnilegra mannvirkja í Laxárvirkjun 3.

## Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Lágt	Einfalt mannvirki með sérhæft hlutverk. Inngangur er bráðabirgðalausn.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Hluti af heild í Laxárvirkjun 3.
Umhverfisgildi:	Lágt	Bráðabirgðainngangur.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Endurnýjað í tengslum við endurnýjun stíflu.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Bráðabirgðainngangur.
Varðveislugildi:	Lágt	Ekki er gerð tillaga um verndun.
Verndarflokkar:		



Loftmynd af inntaki aðrennslis.



Inngangur að inntaksmannvirki. Bráðabirgðaskýli í forgrunni.



Við munna aðrennslisgangna í inntaksmannvirki.



Munni aðrennslisgangna.



Krapavörn í inntaksmannvirki.

Fyrsti eigandi: Laxárvirkjanir  
Hönnuður: Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen

Upphafleg notkun: Iðnaður  
Núverandi notkun: Iðnaður

## Númer á yfirlitsmynd:

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Steinsteipt		Steinsteipt		
Útveggir:				
Þakgerð:				
Þakklæðning:				
Undirstaða:				
Útlit:	Hluti aðrennslismannvirkja			

## Umsögn

Hluti af inntaksmannvirkjum. Notað til að hleypa sandi út sem safnast saman í aðrennslisgöngum. Einnig notað til að vatnstæma efri hluta gangnanna.

## Leiðbeiningar

Komi til breytinga eða viðbygginga er lagt til að byggt sé á núverandi efnisvali, frágangsdeilum og lítavali.

## Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Lágt	Einfalt mannvirki með sérhæft hlutverk.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Hluti af heild í Laxárvirkjun 3.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Vel leyst og sómir sér vel sem hluti af Laxárvirkjun 3.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Óbreytt að gerð og formi frá upprunalegri mynd.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Ástand og viðhald gott.
Varðveislugildi:	Lágt	Ekki er gerð tillaga um verndun.
Verndarflokkar:		





Loftmynd af framhjärennu.



Renna, brú og stjórnrymi.



Renna og stjórnrymi.



Brú yfir rennu.

Fyrsti eigandi: Laxárvirkjanir  
Hönnuður:

Upphafleg notkun:  
Núverandi notkun:

## Númer á yfirlitsmynd:

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Steinsteypa og stál		Steinsteypa og stál		
Útveggir:				
Þakgerð:				
Þakklæðning:				
Undirstaða:				
Útlit:	Spennivirki			

## Umsögn

Sagt vera byggt 1974 hjá FMR.  
Einfaldur umbúnaður um spennivirki.

## Leiðbeiningar

Komi til breytinga eða viðbygginga er lagt til að byggt sé á núverandi gerð.

## Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Lágt	Einfalt mannvirki með sérhæft hlutverk.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Hluti af heild í Laxárvirkjun 3.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Hluti af heild í Laxárvirkjun 3.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Rafbúnaður hefur verið endurnýjaður eftir því sem tækni fleygir fram.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Ástand og viðhald gott.
Varðveislugildi:	Lágt	Ekki er gerð tillaga um verndun.
Verndarflokkar:		



Loftmynd af spennivirki.



Spennivirki, inngangur að Laxárvirkjun 3 í baksýn.



Spennivirki.

Fyrsti eigandi: Laxárvirkjanir  
Hönnuður: Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen

Upphafleg notkun: Iðnaður  
Núverandi notkun: Iðnaður

## Númer á yfirlitsmynd:

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Stál		Stál	2011 Turn klæddur	AVH, Fanney Hauksdóttir, arkitekt
Útveggir:				
Þakgerð:				
Þakklæðning:				
Undirstaða:				
Útlit:	Prýstivatnsturn virkjunarinnar			

## Umsögn

Áberandi kennileiti sem ásamt stöðvarhúsi Laxárvirkjunar 2 er einkenni Laxárvirkjana. Prýstivatnsturninn jafnar prýstingssveiflur og hlífir prýstípípunni fyrir prýstingshækkun við miklar álagsbreytingar á aflvélinni. Upphaflega var hann með einsleitu yfirborði sem var málað. 2011 var hann einangraður og klæddur málmklæðningu og timbri.

## Leiðbeiningar


Þær breytingar sem gerðar voru 2011 með einangrun og klæðningu sóma sér vel í umhverfinu. Lagt er til að haldið verði í núverandi útlitseinkenni.

## Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Lágt	Einfalt mannvirki með sérhæft hlutverk. Er hluti af hluti af heild í Laxárvirkjun 2.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Atvinnu og iðnaðarsaga.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Áberandi kennileiti í sveitinni.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Form óbreytt. Breytt með klæðningu og einangrun.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Ástand og viðhald gott.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Lagt er til að byggingin njóti hverfisverndar skv. 6. mgr. 12. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og að í skilmálum skipulagsáætlana verði skilgreint hvernig staðið skal að verndun byggingarinnar.
Verndarflokkar:		



Loftmynd af þrýstivatnsturni.



Séð yfir virkjanasvæðið, 1967.



Þrýstivatnsturn.



Stöðvarhús Laxárvirkjunar 2 og þrýstivatnsturninn.



Þrýstivatnsturn frá stöðvarhúsi.

Fyrsti eigandi: Laxárvirkjanir  
Hönnuður: Ágúst Berg

Upphafleg notkun: Iðnaður  
Núverandi notkun: Iðnaður og skrifstofur

## Númer á yfirlitsmynd:

**Gerð húss:**      **Upphafleg:**      **Núverandi:**      **Helstu breytingar:**      **Hönnuðir breytinga:**  
Byggingarefni: Stálgrindarskemma      Stálgrindarskemma

Útveggir:      Ál  
Þakgerð:      Mænisþak  
Þakklæðning:      Bárujárn  
Undirstaða:  
Útlit:

## Umsögn

Einföld verkstæðisbygging. Stálgrindarhús að hluta til á tveimur hæðum. Skrifstofur fyrir virkjanasvæðið eru á efri hæð. Á neðri hæð eru vélaverkstæði og trésmíðaverkstæði auk starfsmannaaðstöðu. Í viðbyggingu frá 1996 er spilliefnageymsla.

Sjá lista yfir listaverk á skrifstofu í viðauka.

## Leiðbeiningar

Lagt er til að breytingar taki mið af upprunalegu útliti hvað varðar form og litaval.

Í fasteignaskrá FMR er spilliefnageymslan skráð sem sérstakt mannvirki. Eðlilegt er að hún sé skráð sem hluti verkstæðis / skrifstofubyggingar.

## Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Lágt	Einföld iðnaðarbygging.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Atvinnu og iðnaðarsaga.
